Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

**Til Bæjarráðs**

Kópavogi, 13. nóvember 2026
**26111147**/005.05 ABS

**Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa um stöðu vinnu við áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi 2026–2030**

Á fundi bæjarráðs 10. nóvember 2026 lagði bæjarfulltrúi fram fyrirspurn um stöðu vinnu starfshóps um áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi.

Á fundi menntaráðs 18. ágúst 2026 var samþykkt að ráðist yrði í greiningu og mótun heildstæðrar áætlunar um notkun snjalltækja, stafræna hæfni og menntatækni í skóla- og frístundastarfi í Kópavogi til ársins 2030.

Uppfærð verk- og tímaáætlun ásamt tillögu að samsetningu starfshóps verður lögð fyrir menntaráð 17. nóvember 2026.

**Skipun starfshóps**
Samkvæmt upphaflegri verkáætlun var gert ráð fyrir að starfshópur yrði skipaður í ágúst–september 2026. Skipun hans hefur tafist frá þeirri áætlun, en vinna við verkefnið hefur haldið áfram samhliða á menntasviði. Þar hefur meðal annars verið unnið að gagnaöflun, undirbúningi stöðugreiningar og skipulagi samráðs við skólasamfélagið.

Gert er ráð fyrir að ráðgjafi  verði ráðinn að verkefninu á næstu vikum og formleg skipun starfshóps verði staðfest í menntaráði í janúar 2027 þegar tilnefningar liggja fyrir og að hópurinn taki til starfa í febrúar.

Starfshópurinn mun byggja sína vinnu á greiningu þeirra gagna sem liggja þá fyrir, m.a. úr samráðsfundum með skólasamfélaginu. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir þátttöku í starfshópnum.

**Stöðugreining og samráð**
Stefnt er að einum til tveimur stærri samráðs- og vinnufundum í janúar 2027 með fulltrúum hagaðila úr skóla- og frístundasamfélaginu. Markmiðið er að draga fram sjónarmið hagaðila um núverandi stöðu, reynslu, áskoranir og væntingar til framtíðar varðandi notkun snjalltækja og stafrænnar tækni í kennslu.

Starfshópurinn mun, í samstarfi við ráðgjafa verkefnisins, vinna úr niðurstöðum samráðsins og öðrum gögnum sem aflað hefur verið. Jafnframt verður horft til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið í öðrum sveitarfélögum sem og reynslu og þróunar á öðrum Norðurlöndum undanfarin ár.

Á þeim grunni verða mótaðar tillögur að framtíðarsýn, markmiðum og aðgerðum og gert ráð fyrir að fyrstu breytingar komi til framkvæmda á árinu 2027. Drög verða lögð fyrir hagaðila og menntaráð til umsagnar áður en endanleg tillaga verður mótuð.

Meginmarkmiðið er að fara í faglegt endurmat á notkun snjalltækja við kennslu og skapa skýran og faglegan ramma um notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Notkun tækninnar þarf að hafa skýran náms- og uppeldislegan tilgang, styðja við nám og kennslu og efla stafræna hæfni barna og ungmenna, samhliða fjölbreyttum kennsluháttum og öðrum námsgögnum.

**Áhrif á fjárhagsáætlun**
Þegar tillögur starfshópsins liggja fyrir verður lagt mat á fjárhagsleg áhrif þeirra og hvort þær kalli á breyttar forsendur eða sérstakar ráðstafanir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2028.

**Fjöldi snjalltækja og fyrirhuguð endurnýjun**
Um 6.000 spjaldtölvur eru í umferð í grunnskólunum, um 5000 nemendatæki og 1000 tæki í umsjón kennara og annars starfsfólks.

Síðustu ár hafa 800 - 1000 tæki verið keypt árlega sem gerir 7,5 ára endingu á hverja spjaldtölvu. Það er talið óraunhæft og hefur myndað uppsafnaða innviðaskuld. Lagt hefur verið til að miða við fimm ára endingu. Til að vinna upp innviðaskuld var gert ráð fyrir um 1.200 nýjum tækjum á árinu 2026, 1.600 árið 2027 og 1.730–1.750 árið 2028. Frá 2029 verði kerfið komið í jafnvægi hvað þetta varðar. Ef tæki eiga að endast í fimm ár þarf að kaupa 1200 tæki á ári.

| Árgangur | Fjöldi |
|---|---|
| 1. bekkur | 516 |
| 2. bekkur | 476 |
| 3. bekkur | 438 |
| 4. bekkur | 436 |
| Yngsta stig alls | 1866 |
| | |
| 5. bekkur | 564 |
| 6. bekkur | 471 |
| 7. bekkur | 474 |
| Miðstig alls | 1509 |
| | |
| 8. bekkur | 585 |
| 9. bekkur | 523 |
| 10. bekkur | 509 |
| Unglingastig alls | 1617 |
| | |
| Heildarfjöldi | 4992 |

**Framhald verkefnisins og tímasetning**
Vinnan heldur áfram samkvæmt endurskoðaðri verk- og tímaáætlun. Stefnt er að því að tillaga að heildstæðri áætlun ásamt tillögum að aðgerðum liggi fyrir til afgreiðslu í maí–júní 2027.

Mikil undirbúningsvinna hefur þegar farið fram, meðal annars við gagnaöflun, mótun verkefnisins og undirbúning samráðs. Næstu mánuði verður lögð sérstök áhersla á víðtækt og markvisst samráð við skóla- og frístundasamfélagið og faglega úrvinnslu þeirra gagna sem liggja fyrir.

Markmiðið er að Kópavogsbær hafi skýra og faglega stefnu um hlutverk og notkun snjalltækja og stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi til ársins 2030, byggða á þörfum nemenda, faglegum sjónarmiðum og reynslu skólasamfélagsins.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Anna Birna Snæbjörnsdóttir

Tími: 17.11.2026 17:30
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign